

Stjórnarfundur Klifursambands Íslands



Nr. fundar: 40	Dagsetning: 12.11.2025
Tími: 18:00	Staður: Ármúli 21
Fundarstjóri: Laufey	Fundarritari: Guðmundur
Viðstödd: Laufey Rún (framkvæmdastjóri), Benedikt (formaður stjórnar), Harpa (stjórn) og Guðmundur (stjórn) og Friðrik (stjórn). Birkir Fannar (stjórn) var fjarverandi.	

Efni fundar

- Mótareglur IFSC - Viðbót við IFSC reglur
 - Verið að breyta aðeins meira, valkostir um 2 kosti til að halda úrslit í unglingaflokkum. Keppendafjöldi í opnum flokki er til umræðu. IFSC segir að þeir eigi að vera 8 en við viljum geta haft 6 keppendur þegar flokkarnir eru minni. Sett í reglur að mótshaldari megi fækka niður í 6 þegar það á við.
 - Uppfærðar reglur samþykktar með breytingum.
- Línuklifurdómari fyrir 600 Klifur
 - 600 Klifur vilja geta gefið út línuklifurkort og óska eftir að Magnús Arturo Batista fái leyfi sem prófdómari frá KÍ. Eins og staðan er núna eru þau ekki aðilar að KÍ.
 - Samþykkt að Magnús verði prófdómari og geti því gefið út línuklifurkort KÍ.
- Formannafundur KÍ 10.des
 - Lagt til að hann sé haldinn 10. des kl 18:00 á netinu.
 - Formenn aðildarfélaga fá fundarboð ásamt framkvæmdastjóra og stjórn KÍ.
 - Tímasetning samþykkt einróma, boðað verður til fundar kl 18:00 þann 10. des.
- Klifurþingi 2026
 - Lagt til að klifurþing verði haldið 25. mars 2026 kl 19:00.
 - Tímasetning samþykkt einróma.
 - Laufey bókar sal hjá ÍSÍ.
 - KÍ mun bjóða upp á akstursstyrk fyrir félög utan höfuðborgarsvæðisins.



5. Fara yfir verkefni í vinnslu
 - a. Endurskoðun á lögum
 - i. Mundi byrjaður að skoða og komið skjal með tillögum og athugasemdum.
 - ii. Viljum vera komin með þessi drög til að fá álit frá ÍSÍ sem fyrst svo hægt sé að vera með þetta klárt fyrir klifurþing.
 - b. Reglugerð siðanefndar
 - i. Birkir skoðar en er fjarverandi, heyrum í honum og könnum málið.
 - c. Drög að nefndarreglum
 - i. Friðrik skoðar málið.

Önnur mál

1. Borin upp fundargerð síðasta stjórnarfundar, nr. 39, til samþykktar.
 - a. Fundargerð samþykkt og verður birt á heimasíðu KÍ

Næsti fundur

Miðvikudagurinn 3.des kl 18:00

Fundi slitið 19:00

